

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 27/2003

Kvörtun Sölku ehf. yfir notkun Sölkubóka ehf. á nafninu Salka

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 28. janúar 2002, kvartar Salka ehf. yfir notkun Sölkubóka ehf. á nafninu Salka. Fram kemur í erindinu að Salka, sem er heildverslun með áfengi í Garðabæ, hefur verið skráð í fyrirtækjaskrá hjá Hagstofu Íslands frá miðju ári 1997. Sölkubækur hafi að undanfögnu notað heitið Salka til auðkenningar á fyrirtæki sínu sem valdið hafi Sölku óþægindum og truflunum. Að mati kvartanda brýtur notkun Sölkubóka á nafninu Salka gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með erindinu fylgdu ýmis gögn s.s. greiðsluseðill frá Íslandsbanka, afhendingarseðill frá DHL til Salka Publishers, Bræðraborgarstíg, sem Sölku hafði þrátt fyrir það borist ásamt símbréfi frá Hagkaupum til Sölkubóka. Jafnframt fylgdu erindinu gögn sem sýndu notkun Sölkubóka á orð- og myndmerkinu Salka og nafninu Salka einu og sér á bókarkápu og á Internetinu.

2.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 4. mars 2002, var erindi Sölku sent Sölkubókum til umsagnar. Svar Sölkubóka er ódagsett en barst Samkeppnisstofnun 19. mars 2002. Þar kemur fram að fyrirtækið sé skráð hjá Hagstofu Íslands sem Sölkubækur ehf. til að forðast rugling við önnur fyrirtæki með sama heiti. Sölkubækur hafi skráð orð- og myndmerkið Salka hjá Einkaleyfastofunni, þann 5. desember 2001. Þar sé Salka skráð í flokki 41 sem bókaútgáfa og flokki 16 sem prentað mál. Hafi Sölkubækur því einkaleyfi á heitinu í þessum greinum enda rekist það ekki með nokkrum hætti á orð- og myndmerki í sama viðskiptaumhverfi. Í ljósi skráningarinnar hafi Sölkubækur leyfi til að nota merki sitt á bækur og vef eftir hentugleikum. Ein forsenda skráningarinnar hafi verið að orðið Salka væri nú orðið algengt kvenmannsnafn og því vafasamt að einhver gæti öðlast á því einkarétt. Í daglegu máli nota Sölkubækur heitið Bókaútgáfan Salka eða Salka bókaútgáfa yfir starfsemi fyrirtækisins. Heitið Salka forlag sé notað á vefsetri fyrirtækisins salkaforlag.is. Sölkubækur kannast ekki við greiðsluseðil sem Salka sendi máli sínu

til stuðnings og vekja athygli á að seðillinn sé skráður á kennitölu Sölku en ekki Sölkubóka.

3.

Hinn 19. mars 2002 sendi Samkeppnisstofnun Sölku bréf Sölkubóka til umsagnar og var óskað athugasemda fyrirtækisins. Engin svör bárust.

Með bréfi, dags. 6. ágúst 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í málinu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfum Samkeppnisstofnunar, dags. 15. október 2002 og 13. febrúar 2003, var málsaðilum tilkynnt að töl yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Sölku er kvartað yfir notkun Sölkubóka á nafninu Salka sem kvartandi telur að valdi ruglingi, óþægindum og truflunum og sé notkunin brot á ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga. Þó það komi ekki skýrt fram í erindinu er það mat samkeppnisráðs, með vísan til gagna sem fylgdu erindinu, að kvörtunin snúi bæði að notkun Sölkubóka á nafninu Salka einu og sér til auðkennis á fyrirtækinu og jafnframt til notkunar orð- og myndmerkisins Salka. Sölkubækur draga í efa að orðið Salka sem slíkt sé hæft til skráningar sem einkaleyfi. Fyrirtækið sé skráð og rekið undir heitinu Sölkubækur til þess að forðast rugling við önnur fyrirtæki. Fyrirtækið hafi fengið skráð orð- og myndmerkið Salka ásamt mynd af konu hjá Einkaleyfastofu í flokkunum bókaútgáfa og prentað mál og hafi fyrirtækið einkaleyfi til notkunar þess í þeim greinum og geti því notað það á bækur og heimasíðu fyrirtækisins.

Í erindi þessu er vísað til 25. gr. samkeppnislaga en greinin hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á

þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur m.a. fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérhöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Með skráningu firmanafns er meginreglan sú að eigandi þess öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Í erindi Sölku kemur fram að einkahlutafélagið sé skráð í firmaskrá um mitt ár 1997.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós að Sölkubækur nota í viðskiptum fyrirtækisins fleiri nöfn en nafn hlutafélagsins. Má þar nefna Bókaútgáfan Salka, Salka bókaútgáfa, Salka bókaforlag og salkaforlag.is er notað sem lénnafn fyrirtækisins. Þá hefur komið í ljós að Sölkubækur hafa, þann 11. júlí 2003, skráð einkahlutafélagið Bókaútgáfan Salka í firmaskrá.

Sölkubækur hafa skráð orðið Salka ásamt mynd af konu sem orð- og myndmerki. Slík skráning felur í sér einkarétt á merkinu í heild í þeirri útfærslu sem það er skráð og lýst í Vörumerkjaskrá. Skráningin veitir þannig ekki einkarétt til notkunar einstakra hluta merkisins, s.s. orðsins Salka einu og sér.

Með vísan til framangreinds er það mat samkeppnisráðs að bæði fyrirtækin, Salka og Sölkubækur, hafi öðlast rétt til auðkennisins Salka samanber ákvæði 2. málsliðar 25. gr. og skal þá litið til hvort villast megi á fyrirtækjunum.

Með erindi kvartanda, Sölku, fylgdu gögn sem sýna skyldu þann rugling sem notkun Sölkubóka á nafninu Salka hefði haft í för með sér þ.á m. var greiðsluseðill sem borist hafði á rangan stað að mati kvartanda. Sölkubækur könnuðust ekki við greiðsluseðilinn en bentu á að á honum væri að finna kennitölu kvartanda. Þá var sending DHL sem Sölku barst þrátt fyrir að vera skráð á heimilisfang Sölkubóka.

Samkeppnisráð fær ekki séð að tilvik þessi séu þess eðlis að þau séu af völdum notkunar Sölkubóka á orðinu Salka.

Jafnframt benti kvartandi á dæmi um notkun Sölkubóka á nafninu Salka einu og sér á bókarkápu og á vefsetri. Þau fyrirtæki sem hér deila eru annars vegar heilðsölufyrirtæki sem verslar með áfengi og hins vegar bókaútgáfa. Fyrirtækin starfa því á gerólíkum mörkuðum og eru staðsett hvort í sínu bæjarfélaginu, þ.e. Reykjavík og Garðabæ.

Jafnframt hefur komið í ljós að fleiri fyrirtæki nota nafnið Salka í heitum sínum. Þannig eru til fyrirtækin Salka fiskmiðlun hf. og Salka sjávarafurðir hf. og á Húsavík er starfandi veitingahúsið Salka og á Akureyri gistiheimilið Salka. Annars er nafnið Salka fyrst og fremst þekkt sem nafn úr bók Halldórs Laxness *Salka Valka* og bera það fimmtíu konur í dag.

Samkeppnisráð telur að eins og framangreind dæmi sýni hafi ýmsir notað nafnið og þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að mati samkeppnisráðs að Salka verður að hlíta því að aðrir noti nafnið.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“